



PÍANÓKENNARAR ATH.

Kammermúsik og blaðlestur.

Sunnudaginn 2. október mun **Nadia Lasserson**, dóttir Carolu Grindea stofnanda EPTA, koma til landsins og halda námskeið fyrir píanó kennara. Námskeiðið hefst kl.10 og stendur til kl.16 (hádegishlé verður kl.12:30-14) og er haldið í sal **Tónskóla Sigursveins** að Engjateigi 1.

Nadia hefur sérhæft sig í að leika kammermúsik og hefur viðað að sér miklu efni af kammertónlist á öllum stigum, allt frá grunnnámi til framhaldsnáms. Hún hefur gefið út bók um efnið sem kallast "**Piano needn't be lonely, A guide to Chamber Music Repertoire for Young Pianists and Multipiano repertoire**". Á námskeiðinu mun hún tala um bókina, fara yfir hin ýmsu kammerverk m.a. verk fyrir 6, 8, 12 og 16 hendur! Eins ætlar hún að fræða okkur um blaðlestur og tónheyrnarþjálfun en Bretar standa mjög framarlega á þeim sviðum.

Námskeiðin eru EPTA meðlimum að kostnaðarlausu en fyrir aðra kostar þátttaka kr.1.000,-.

Við hvetjum kennara til að fjölmenna, þar sem þetta efni ætti að nýtast okkur vel í kennslu, fyrir utan hvað þetta verður skemmtilegt.

Endilega lítið á heimasíðu Nadiu:
www.nadialasserson.com

Bestu kveðjur,
Stjórn Íslandsdeildar EPTA